

Skýrsla um starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar árið 1993 [fram til maí 1994]

Sýningar

Á árinu 1993 voru settar upp tvær sýningar í húsakynnum safnsins á Laugarnesi. Fyrri sýningin fjallaði um lágmyndir Sigurjóns á stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar og nefndist hún *Myndir í fjalli, um tilurð listaverka Sigurjóns Ólafssonar við Búrfellsvirkjun 1966 – 69*. Sýningin var í safninu á tímabilinu 29. maí til 31. ágúst. Sem liður í undirbúningi að sýningunni var Auði Ólafsdóttur listfræðingi falið að rannsaka og skrifa grein um listaverkið og tilurð þess. Greinin, sem var á íslensku og ensku var fáanleg á sýningunni og birtist í Árbók LSÓ 1991 – 92. Er þetta í fyrsta sinn sem gerð hefur verið listfræðilega úttekt á þessu listaverki, sem er viðamesta verk Sigurjóns, og um leið stærsta verkefni sem íslenskum listamanni hafði verið falið. Á sýningunni gafst gestum kostur á að sjá myndband um lágmyndir Sigurjóns við Búrfell, sem Landsvirkjun lét gera á sínum tíma. Landsvirkjun styrkti sýninguna með fjárframlagi.

Sýning vetrarins 1993 – 1994 bar heitið *HUGMYND - HÖGGMYND, úr vinnustofu Sigurjóns Ólafssonar* og var sýnd í safninu frá 2. október 1993 til 1. maí 1994. Tilgangurinn var að lýsa ferli listaverks frá hugmynd til fullbúinnar myndar, og í því sambandi voru til sýnis ýmis verkfæri og tæki úr vinnustofu Sigurjóns. Var sýningin sérstaklega miðuð við skólanemendur þótt hún ætti erindi við alla aldurshópa. Þar sem safnstjórn vildi einnig minnst þess að 5 ár voru liðin frá vígslu LSÓ haustið 1988 voru sýnd helstu aðföng og gjafir sem safnið hefur eignast á þessu tímabili. Tekið var á móti hópum og þeim veitt leiðsögn eftir nánari samkomulagi við safnstjóra.

Nú er í undirbúningi sýning safnsins á afmælisári íslenska lýðveldisins. Hún verður opnuð 3. júní 1994 af menntamálaráðherra Ólafi G. Einarssyni. Sýningin ber heitið *Íslandsmerki og súlur Sigurjóns* og er unnin kringum verkið sem Sigurjóni var falið að vinna í minningu 25 ára afmæli lýðveldisins 1969, *Íslandsmerki*. Verkið stóð lengi við Hótel Sögu og verður væntanlega reist aftur á Hagatorg í sumar eftir viðamikla viðgerð. Gefin verður út sýningarskrá með rannsóknarritgerð eftir Auði Ólafsdóttur og ýtarlegar upplýsingar um hvert verk á sýningunni. Birgitta Spur ritar formála og Susanne Jorn hefur ort ljóð við eitt verkanna á sýningunni.

Þriðjudagstónleikar

Sumartónleikar safnsins árið 1993 voru með líku sniði og undanfarin fjögur ár og hafa þeir unnið sér fastan sess í menningarlífi höfuðborgarinnar. Samtals voru haldnir 15 þriðjudagstónleikar, og af þeim voru tvennir endurteknir. Tónlistarmenn sem komu fram voru 32 talsins, þar á meðal voru snillingarnir fimm frá Sviss; I Salonisti, sem léku í annað sinn á Íslandi í boði safnsins. Líkt og sumarið 1991, þegar þeir sóttu okkur heim í fyrsta skipti, héldu þeir tónleika úti á landsbyggðinni, á Ísafirði og á Akureyri. Þannig skiptist kostnaðurinn við ferð þeirra milli aðila. Þess skal þó getið að I Salonisti hafa ávallt gefið vinnu sína hér á Íslandi og aðeins þegið fríar ferðir og uppihald. Má með sanni segja að þeir séu í hópi Íslandsvina.

Aðrir tónleikar

Auk hinna föstu þriðjudagstónleika voru haldnir 8 tónleikar í safninu, þar á meðal tónleikar í beinni útsendingu á vegum Ríkisútvarpsins þann 3. janúar 1993. Tilefnið var afhending verðlauna í samkeppni RÚV, sem ber heitið TÓNVAKINN.

Bókmenntakynningar á vegum LSÓ og annarra aðila

Laugardaginn 13. febrúar stóð safnið að bókmenntadagskrá þar sem kvenhöfundar lásu úr bókum sínum, sem komið höfðu út fyrir jólin 1992. Höfundar voru Vilborg Dagbjartsdóttir, Linda Vilhjálmsdóttir, Kristín Ómarsdóttir, Þórunn Valdimarsdóttir og Vigdís Grímsdóttir. Erlendur gestur samkomunnar var Susanne Jorn, sem las frumort ljóð sín á ensku við níu höggmyndir Sigurjóns úr bókinni *Tracks in Sand*. Helga Jónsdóttir, leikkona, las ljóðin í íslenskri þýðingu Steinunnar Sigurðardóttur. Á meðan lesið var voru sýndar skyggjur af viðkomandi verkum og þótti þetta nýstárlegt og áhrifamikið.

Þann 3. mars var haldin ljóðakynning í safninu á vegum Goethe-stofnunar á Íslandi þar sem sjö þýsk ljóðskáld lásu úr bókum sínum og íslenskir starfsbræður þeirra lásu íslenskar þýðingar sínar á sömu ljóðum. Þýsku skáldin voru Kito Lorenc, Johann P. Tammen, Uwe Kolbe, Wolfgang Schiffer, Barbara Köhler, Ralf Thenior og Gregor Laschen. Íslensku skáldin voru Baldur Óskarsson, Franz Gíslason, Gyrðir Elíasson, Hannes Sigfússon, Ingibjörg Haraldsdóttir, Linda Vilhjálmsdóttir og Matthías Johannessen. Bæði Ríkisútvarpið og Sjónvarpið tóku upp hluta af dagskránni.

Önnur starfsemi

Eins og undanfarin ár var salur safnsins rammi um samkomur og móttökur og má nefna að fram fór úthlutun styrkja úr Pokasjóði LANDVERNDAR þann 29. apríl og úthlutun styrkja úr Menningarsjóði VISA ÍSLAND átti sér stað í safninu 30. desember 1993.

Sala á listaverki til Reykjalundar

Á árinu 1993 var endanlega gengið frá stækkun á listaverkinu *Lífslöngun*. Meðan Sigurjón dvaldist á Reykjalundi (1961 – 63) vann hann lítið módel að þessu verki, sem hann hafði hug á að láta reisa í stórt í námunda við vistheimilið. Var það fyrir forgöngu stjórnar Reykjalundar og ættingja Odds Ólafssonar yfirlæknis að ráðist var í framkvæmd verksins, og stóðu þessir aðilar að kostnaðinum. Verkið var afhjúpað 14. júlí 1993. Eins og fram kemur í ársreikningum Styrktarsjóðs LSÓ var höfundargreiðslan afar myndarleg, og þetta gerði meðal annars safninu kleift að festa kaup á fjórum verkum eftir Sigurjón á árinu. Lífslöngun var unnin í sýrufast stál og sá Erlingur Jónsson um allan undirbúning fyrir málmsteypu fyrir tækin í Osló.

Uppsetning listaverka í Reykjavík

Síðastliðið haust var bronsafsteypu í eigu Reykjavíkurborgar af frumdrögum af Folaldsmeri Sigurjóns sett upp hjá Upplýsingamiðstöð Ferðamála í Bakarabrekkunni. Annað bronseintak af þessari litlu styttni er á skrifstofu garðyrkjustjórans í Reykjavík. Afsteypurnar voru gerðar á meðan Sigurjón var á lífi, og er vitað að gifsmódelið er ekki til lengur, þar eð það skemmdist í flutningi frá bronssteypara.

Ráðgert er að reisa tvö verk eftir Sigurjón á árinu 1994 á vegum Reykjavíkurborgar. Annars vegar er um að ræða enduruppsetningu á *Íslandsmerki*, sem var tekið niður til viðgerðar eftir að hafa orðið fyrir skemmdum í óveðrinu í febrúar 1991. Birgitta hefur beitt sér fyrir því að verkið verði sett upp á Hagatorg, þar sem það mun njóta sín úr sem flestum áttum.

Hitt verkið er stækkuð *Gríma*, sem sett verður upp við Borgarleikhúsið í sumar. Reykjavíkurborg festi kaup á þessari mynd árið 1988. Erlingur Jónsson myndhöggvari gerði stækkunina í gífsi og Kristiania Kunst- & Metalstøberi A/S vann bronssteypuna. Bronsverkið var afhent Reykjavíkurborg haustið 1991.

Ákvörðun um Skrúfunu

Skrúfan er fjögurra metra há súla, sem Sigurjón lét steypa í steinsteypu í frauðplastmóti árið 1968. Verkið var staðsett við vinnustofu listamannsins uns það varð fyrir skemmdum sumarið 1985 meðan á endurbyggingu vinnustofunnar stóð. Þar sem ekki er talið mögulegt að gera við verkið í þessari mynd hefur verið ákveðið að endurgera Skrúfunu í sýrufast stál og hefur Erlingur Jónsson umsjón með verkinu.

Verkið er eitt þeirra minna sem sést sem lárétt form á framhlið Búrfellsvirkjunar. Þessi upprétta, þrívíða gerð myndarinnar markar upphaf að mikilvægum súlnamyndum Sigurjóns svo sem *Íslandsmerki* og *Öndvegissúlum* við Höfða.

Leitað hefur verið eftir fjárframlögum frá ýmsum aðilum til verksins, og vonast er til að hægt verði að reisa Skrúfunu á lóð safnsins í sumar, ef til vill í tengslum við afmæli Reykjavíkurborgar.

Lóðarmálin

Í framhaldi af umræðum á síðasta aðalfundi um lóðarmál safnsins ritaði stjórnin Skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar (c/o Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson) bréf dagsett 7. júní 1993. Í bréfi þessu var gerð grein fyrir framtíðarþörfum safnsins með tilliti til lóðarstærðar og viðbótarhúsnæðis, sem ætti að rúma listaverkageymslu, verkstæði og fjölnota sýningarsal. Sýnt var á uppdrætti æskileg stærð lóðar og einnig grófar hugmyndir um húsnæði sem mætti hugsa sér að hluta til neðan jarðar og sem væri innangengt úr safninu.

Ekki hefur borist svar við erindi þessu. Þann 24. febrúar 1944 átti Birgitta fund með Þorvaldi S. Þorvaldssyni skipulagsstjóra Reykjavíkurborgar varðandi uppsetningu nokkurra höggmynda Sigurjóns. Í lok fundarins lagði skipulagsstjóri fram síðustu drög að tillögum borgarinnar um deiliskipulag fyrir Laugarnes og lét þau orð fylgja að hann persónulega væri hlynntur því að safnið fengi að byggja litla listaverkageymslu ofan jarðar og hvatti Birgittu til að skrifa sér línu.

Haldin var stjórnarfundur um málið, þar sem Birgitta meðal annars gerði grein fyrir sjónarmiðum Margrétar Hallgrímsdóttur, sem er mótfallin stórrí byggingu. Einnig var hlerað hjá nokkrum borgarfulltrúum um hvað væri að gerast í öðrum byggingamálum á Laugarnesi. Tveir borgarfulltrúar úr minnihlutanum voru þeirrar skoðunar að safnið ætti að standa fast á sínu og bíða átektar.

Skráning og rannsóknir

Að staðaldri er unnið að skráningu listaverka Sigurjóns. Verkið hófst með útgáfu safnskrár árið 1985 og síðan hefur verið unnið skipulega að skráningu heimilda um Sigurjón og verka hans. Heildarskráningunni er í megindráttum lokið, skráin komin á tölvutækt form og auk þess hafa öll verk verið færð inn á sérstök spjöld með ljósmyndum.

Þar sem traust undirstaða fyrir ýtarlegar rannsóknir á list Sigurjóns er nú fyrir hendi, væri það æskilegt að ráða fræðimann til að vinna að rannsóknnum um listferil Sigurjóns með tilliti til útgáfu á BÓKINNI um Sigurjón.

Ritgerðir um afmörkuð svið í list Sigurjóns hafa þegar birst í árbókum og sýningarskrám safnsins, og þykir það hentugur vettvangur fyrir smærri rannsóknarverkefni.

Myndband og kynning erlendis

Myndbandið „Þessir kollóttu steinar“ um andlitsmyndir Sigurjóns var valið í norræna farandsýningu í árslok 1993. Í því tilefni var gerð ensk útgáfa af því um áramótin 1993–94. Martin Regal og Alan Boucher lásu með enskri rödd inn á bandið.

Vorið 1994 sendi LSÓ enska bandið á alþjóðlega kvikmyndahátíð í Bandaríkjunum „US Film and Video Festival“ í Chicago. Skemmst er frá að segja að það hlaut silfurverðlaun í flokki fræðslumynda á háskólastigi. Vitað er að engin gullverðlaun voru veitt í þeim flokki að þessu sinni. Engin peningafjárhæð fylgir verðlaununum en útnefningin er lykill að markaðssetningu í Bandaríkjunum ef vel er fylgt á eftir. Prentaður var kynningarbæklingur á ensku og Ólafur Rögnvaldsson kvikmyndatökumaður hjá Ax hf. fór vestur um haf og tók við verðlaununum í Chicago (2. og 3. júní 1994). Hann náði sambandi við breska og bandaríska dreifingaraðila. LSÓ og Ax hf. stóðu straum af kostnaði við ferðina og kynningarátakið.

Hingað til hefur ekki tekist að selja Námsgagnastofnun myndbandið, sem vill kaupa en hefur engin tök á því. Kaupverð er kr. 450.000. Eftir verðlaunaveitinguna vestra vonumst við til að menntamálaráðuneytið sjái sér fært að kaupa bandið í ljósi þess að áður hefur ráðuneytið keypt mjög dýrar myndir af íslenskum kvikmyndaframleiðendum.

Varðandi kynningu á list Sigurjóns erlendis skal geta þess að Susanne Jorn hafði frumkvæði að því að lesa ljóðin sín úr ljóðabókinni *Tracks in Sand* í Kaupmannahöfn 31.10.1993. Upplsturinn var liður í bókmenntakynningu danskra skálda í Posthus Teatret, og verk eftir Sigurjón prýddi forsíðu efnisskrárinnar. Danska skáldið Poul

Borum hafði þýtt ensk ljóð Susönnu á dönsku og fór sjálfur með þau. Sýnd voru myndskyggjur af verkum Sigurjóns eins og gert hafði verið við upplesturinn í LSÓ 13. febrúar 1993.

Útgáfustarfsemi

Árbók LSÓ 1991 og 1992 var gefin út á árinu, tafðist nokkuð í prentsmiðju, en var komin til vina og styrktarmanna safnsins á haustdögum 1993. Bókin, sem er sú fjórða í röðinni, er 120 bls. og í sama broti og fyrri árbækur safnsins. Rannsóknarritgerðir í bókinni eru eftirtaldar: MYNDIR Í FJALLI, um lágmyndir Sigurjóns Ólafssonar á framhlið stöðvarhúss Búrfellsvirkjunar, eftir Auði Ólafsdóttur listfræðing. SALTFLISKSTÖFLUN - LÁGMÝND ÁN VEGGJAR eftir Sólveigu Georgsdóttur, safnvörð. VIÐ MYNDLISTARSTÖRF Á EYRARBAKKA, frásögn af Agnesi Lunn, eftir Ingu Láru Baldvinsdóttur, safnvörð og grein um Laugarnes, sem nefnist BYGGÐARLAG SEM VARÐ BORGARHVERFI eftir Þorgrím Gestsson, blaðamann. Öllum greinum fylgir útdráttur á ensku og er bókin send helstu listasöfnum og listbókasöfnum á Norðurlöndum.

Ráðstefnur

Dagana 13. – 16. júní 1993 var haldin ráðstefna í Þórshöfn í Færeyjum á vegum norræna safnmannasamtaka, Nordisk Museumsforbund. Forstöðumaður LSÓ tók þátt í ráðstefnunni og var einnig viðstaddur víslu listasafns Færeyinga, Listasavn Føroya, og færði safninu bókagjöf frá LSÓ.

Forstöðumaður sótti námskeið í sýningargerð í Norræna Húsinu dagana 20.– 21. mars 1993. Námskeiðið bar yfirskriftina „Utstillingen som Medium“. Fyrirlesarar voru Jan Hjorth frá Riksställningar í Stokkhólmi og Anders Boulogner.

Aðföng og gjafir

LSÓ keypti eftirtalin frumverk eftir Sigurjón á árinu 1993:

Ferskeytt mynd 1966, h. 78 cm, koparplötur. Skráningarnúmer LSÓ 224. Áður í eigu Gunnars Sigurðssonar í Geysi.

Lífslöngun 1960, h. 50 cm, gifs, koparvír. Skráningarnúmer LSÓ 226. Áður í eigu Sigríðar Ólafsdóttur og Ólafs Jóhannssonar. Verkið er frumverk að stytta sem var reist við Reykjalund sumarið 1993.

Stúlka 1931, brons, h. 76 cm. Skráningarnúmer LSÓ 228. Verkið áður í eigu Sigríðar Ólafsdóttur og Ólafs Jóhannssonar.

Knud Rasmussen 1957, h. 49 cm, brons. Frumdrög að minnismerki. Skráningarnúmer LSÓ 025 b. Áður í eigu Sigríðar Ólafsdóttur og Ólafs Jóhannssonar.

Safninu barst að gjöf andlitsmynd í gifs af *Oddi Ólafssyni* yfirlækni á Reykjalundi frá aðstandendum Odds. Skráningarnúmer LSÓ 227.

Þar að auki fannst í geymslum safnsins hluti af tillögu Sigurjóns fyrir veggskreytingu á stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar. Verkið var sýnd á sýningu safnsins MYNDIR Í FJALLI. Skráningarnúmer LSÓ 225.

Safnmunir

Skráð listaverk í eigu LSÓ voru um áramótin 1993 – 94 alls 338.

Tækjakaup

Á árinu 1993 keypti safnið nýja tölvu, PC-386 og laser prentara, sem er mikið þarfþing ekki síst vegna þess að safnið prentar allar tónleikaskrár fyrir sumartónleikana.

Útlán listaverka

Á árinu 1993 voru þrjú listaverk í eigu safnsins varðveitt og til sýnis í Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen. Þjóðleikhúsið hafði til sýnis í anddyrinu 2 verk, og var greidd þóknun fyrir þessa listaverkaleigu.

Fjöldi safngesta

Gestir í safninu voru um 4.500 á árinu 1993.

Aðgangseyrir

Aðgangseyrir að sýningum safnsins hefur verið óbreyttur undanfarin ár: kr. 200 fyrir fullorðna og frítt fyrir börn.

Fastir starfsmenn

Í föstu starfi hjá safninu eru nú forstöðumaður í fullu starfi og Geirfinnur Jónsson í hálfu starfi. Þrír til fjórir lausráðnir starfsmenn eru að jafnaði tiltækir til gæslustarfa.

Stjórn LSÓ skipa

Birgitta Spur (formaður), Hlíf Sigurjónsdóttir, Aðalsteinn Ingólfsson, Anna Einarisdóttir og Gísli Sigurðsson. Varamenn eru Geirfinnur Jónsson og Karólína Eiríksdóttir.

Fulltrúaráð LSÓ skipa

Anna Einarisdóttir, Björg Þorsteinsdóttir, Brynja Benediktsdóttir, Erlingur Jónsson, Gísli Sigurðsson, Ingi R. Helgason (formaður), Inga Lára Baldvinsdóttir, Karólína Eiríksdóttir, Kristján Guðmundsson, Ólafur Ó. Johnson, Pétur Guðmundsson og Sigmundur Guðbjarnason.

Stjórn Styrktarsjóðs LSÓ skipa

Baldvin Tryggvason, Birgitta Spur og Matthías Johannessen.

Endurskoðandi safnsins

er Bjarni Bjarnason, löggiltur endurskoðandi.

TÓNLEIKAR OG AÐRIR LISTVIÐBURÐIR Í LSÓ 1993

- 3/1 Bryndís Halla Gylfadóttir, selló; Steinunn Birna Ragnarsdóttir, píanó.
Bein útsending í RÚV vegna verðlaunaafhendingar TÓNVAKANS.
- 19/1 Krzysztof Smietana, fiðla og Jerzy Tosik-Warszawiak píanó.
- 13/2 Bókmenntadagskrá á vegum Listasafns Sigurjóns. Höfundar lásu úr nýjum bókum sínum: Vilborg Dagbjartsdóttir, Linda Vilhjálmsdóttir, Kristín Ómarsdóttir, Þórunn Valdimarsdóttir og Vigdís Grímsdóttir. Erlendur gestur samkomunnar var Susanne Jorn, sem las frumort ljóð sín á ensku við nýu höggmyndir Sigurjóns úr bókinni Tracks in Sand. Helga Jónsdóttir, leikkona, las ljóðin í íslenskri þýðingu Steinunnar Sigurðardóttur. Á meðan lesið var voru sýndar skyggjur af viðkomandi verkum.
- 20/2 og 23/2
Ljóðatónleikar Margrétar Bóasdóttur og Kristins Arnar Kristinssonar píanóleikara.
- 6/3 og 9/3
Ljóðatónleikar: Björk Jónsdóttir, sópran og Svana Víkingisdóttir, píanó.
- 27/3 Ljóðakynning á vegum Goethe stofnunarinnar á Íslandi. Sjö þýsk ljóðskáld lesa frumort ljóð og sjö íslensk skáld lesa þýðingar sínar á sömu ljóðum: Kito Lorenc, Johann P. Tammen, Uwe Kolbe, Wolfgang Schiffer, Barbara Köhler, Ralf Thenior og Gregor Laschen. Baldur Óskarsson, Franz Gíslason, Gyrðir Elíasson, Hannes Sigfússon, Ingibjörg Haraldsdóttir, Linda Vilhjálmsdóttir og Matthías Johannessen.
- 8/4 Einleikstónleikar Kristínar Mjallar Jakobsdóttur fagottleikara. Meðleikarar: David Knowles, píanó, Hildigunnur Halldórsdóttir, fiðla, Una Sveinbjarnardóttir, fiðla, Guðmundur Kristmundsson, víóla, Gunnhildur Halla Guðmundsdóttir, selló og Einar Sigurðsson, kontrabassi.
- 27/4 Jazzkvartett Reykjavíkur, Sigurður Flosason, saxófón, Eyþór Gunnarsson, píanó, Tómas R. Einarsson, kontrabassi, Einar Scheving, trommur, og Veigar Margeirsson, trompet.
- 29/4 Úthlutun verðlauna og styrkja úr pokasjóði LANDVERNDAR.

Sumartónleikar LSÓ:

- 1/6 Tómas Tómasson söngvari og Hrefna U. Eggertsdóttir píanóleikari.
- 8/6 Hermann Stefánsson klarinettuleikari og Krystyna Cortes píanóleikari.
- 15/6 Grieg tónleikar í tilefni þess að 150 ár eru liðin frá fæðingu tónskáldsins. Flytjendur: Signý Sæmundsdóttir sópran, Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari, og píanóleikararnir Þóra Fríða Sæmundsdóttir og Kristinn Örn Kristinsson.
- 20/6 kl. 14:30
Svissneski kvintettinn I SALONISTI
- 20/6 kl. 17:00
Svissneski kvintettinn I SALONISTI+
- 22/6 Söngkvartettinn ÚT Í VORIÐ: Einar Clausen, Halldór Torfason, Þorvaldur Friðriksson og Ásgeir Böðvarsson.

- 24/6 ÚT Í VORIÐ. Endurteknir tónleikar.
- 29/6 Björk Jónsdóttir sópran og Svana Víkingsdóttir píanóleikari.
- 6/7 Þórunn Guðmundsdóttir sópran og David Knowles píanóleikari.
- 20/7 Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari og Símon H. Ívarsson gítarleikari.
- 27/7 Valgerður Andrésdóttir píanóleikari.
- 3/8 Kristín Guðmundsdóttir og Tristan Cardew flautuleikarar og Elín Anna Ísaksdóttir píanóleikari.
- 17/8 Sigríður Jónsdóttir mezzósópran og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari.
- 24/8 Hulda Guðrún Geirsdóttir söngkona og Hólmfríður Sigurðardóttir píanóleikari.
- 31/8 Peter Máté píanóleikari.

Sumartónleikum lýkur

- 28/11 Ljóðadagskrá á vegum Germanía og Goethe Institut hljóðrituð af RÚV. Arnar Jónsson, leikari, David Knowles, píanó, og söngvararnir Elsa Waage og Tómas Tómasson.
- 18/12 Nemendatónleikar Tónskóla Sigursveins.
- 30/12 Afhending styrkja úr Menningarsjóði VISA ÍSLAND.